

Verkalýðsfélag Borgarfjarðar
720 Borgarfirði eystra

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1533

komudagur 17/4 1996

Borgarfirði 15.04.1996

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík.

Efni: Svar við beiðni yðar um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Eftirfarandi er umsögn Verkalýðsfélags Borgarfjarðar.

Frumvarpið er gróf íhlutun í það hlutverk sem á að vera í höndum aðila vinnumarkaðarins sem eiga að móta þær leikreglur sem gilda eiga í samskiptum aðila á vinnumarkaði. Ákvæði 2. gr. laganna um lögbindingu vinnustaðafélaga er bein aðför að félagafrelsinu í landinu og algjörlega óþolandi.

Með frumvarpinu er verið að koma í veg fyrir að samtök launafólks og atvinnurekenda geti í frjálsum samningum mótað nothæfar leikreglur á vinnumarkaði. Viðræður voru í gangi milli aðila um þessi mál þegar félagsmáttaráðherra sundraði þeim með framlagningu frumvarpsins.

Stóraukið vald sem sáttasemjara er lofað í frumvarpinu brýtur gegn öllum grundvallarreglum um lýðræði. Verði frumvarpið að lögum óbreytt mun það skerða stórlega möguleika félagsmanna verkalýðshreyfingarinnar til að hafa áhrif á ákvarðanir um afkomu og réttindi hins vinnandi manns. Frumvarpið mun vafalaust auka líkur á óróa á vinnumarkaði og torvelða gerð næstu kjarasamninga verði það ekki dregið til baka eða a.m.k. gerðar á því verulegar breytingar og þá í fullu samráði og samvinnu við verkalýðshreyfinguna.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd Verkalýðsfélags Borgarfjarðar


Ritari.



